

Fundargerð 75. fundar stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 14. febrúar 2013, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Friðjón Einarsson
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Fjárhagsáætlun 2013*
Framkvæmdastjóri fór yfir áætlun fyrir árið 2013. Stjórn samþykkti fjárhagsáætlunina.
3. *ESA vegna Verne*
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins.
4. *Eigendastefna ríkisins í hlutafélögum*
Í samræmi við beiðni fjármálaráðuneytis var eigendastefna ríkisins í hlutafélögum lögð fyrir stjórn til kynningar.
5. *Iceland Geothermal*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tillögur að næstu skrefum í uppbyggingu Iceland Geothermal klasasamstarfsins. Stjórn samþykkti áframhaldandi þátttöku í verkefninu. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið.
6. *Herminjasafn – skýrsla*
Lagt fram til kynningar. Umræðum frestað til næsta fundar.
7. *Kauptilboð í bygg. #736*
Kauptilboð í byggingu nr. 736 lagt fyrir stjórn.
Stjórn hafnar tilboðinu en felur framkvæmdastjóra að kanna áhuga á langtímaleigu.
8. *Samkomulag við Skotdeild Keflavíkur*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samkomulag við skotdeild Keflavíkur til fimm ára. Stjórn fól framkvæmdastjóra að útfæra leigusamning við skotdeildina til 5 ára.
9. *Patterson – akstursæfingasvæði*
Margar hugmyndir hafa komið um nýtingu á Pattersonsvæði. Aðilar hafa átt í viðræðum við ÞK um að nýta svæðið undir akstursípróttir.
Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

10. Önnur mál

- a. *Háskólavellir ehf. – fjárhagsleg endurskipulagning*
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í þeirri vinnu.
- b. *Eignarmiðlun – hugmyndir um sölu eigna á Ásbrú*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn hugmyndir fasteignasölnunnar Eignarmiðlunar um sölu eigna. Stjórn taldi ekki tímabært að taka afstöðu til þeirra hugmynda sem fram komu og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
- c. *Coredata stjórnarvefgáttin*
Kynning á stjórnarvefgáttinni og notkunarmöguleikum hennar.
- d. *Minnisblað um Rockville*
Framkvæmdastjóri fór yfir viðræður við Sandgerðisbæ um nýtingu Rockvillesvæðis og leigusamnings við landeigendur. Stjórn samþykkir að segja leigusamningi við landeigendur ekki upp að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Vilhj. H. Vilhjálms
Dni. Sfrms
Inga Sólveig
Sigrún Arnadóttir
F. Einar